



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 1. nóvember 2021
VEL2021100019

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um nýtt skipurit þjónustumiðstöðva

Á fundi velferðarráðs þann 20. október 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um nýtt skipurit þjónustumiðstöðva:

Lagt er til að velferðarráð samþykki meðfylgandi skipurit þjónustumiðstöðva velferðarsviðs í hverfum.
Kostnaður samfara breytingum rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs. Greinargerð fylgdi tillögunni.

Tillagan var samþykkt. Fulltrúi Flokks fólksins sat hjá við afgreiðslu málsins.

Tillagan er hér með send borgarráði til kynningar, ásamt samþykkt velferðarráðs.

Virðingarfyllst

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga um nýtt skipurit þjónustumiðstöðva, ásamt fylgiskjöllum, lögð fyrir fund velferðarráðs 20. október 2021.



Lagt fyrir 411. fund velferðarráðs 20. október 2021
VEL2021100019
RÁ/ds

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Nýtt skipurit þjónustumiðstöðva

Lagt er til að velferðarráð samþykki meðfylgandi skipurit þjónustumiðstöðva velferðarsviðs í hverfum.

Kostnaður samfara breytingum rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs 8. júní sl. og borgarráðs 10. júní sl. var samþykkt að skipurit þjónustumiðstöðva yrðu endurskoðuð með áherslu á samræmingu á milli hverfa og að þau endurspegluðu helstu áherslur velferðarstefnunnar, m.a. um aðgengileika, notendavæna hönnun og lágþröskuldaþjónustu við börn og fjölskyldur. Lögð yrði áhersla á fræðslu og innleiðingu verkefnastjórnunar og verkþókhalds á þjónustumiðstöðvum og skilgreindir mælikvarðar og þjónustu- og kostnaðarviðmið.

Í samræmi við framangreint er lagt fram nýtt skipurit þjónustumiðstöðva. Eitt skipurit endurspeglar nú allar fjórar þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar. Þjónustumiðstöð Breiðholts nýtur þó ákveðinnar sérstöðu í samanburði við hinar þjónustumiðstöðvarnar er varðar málefni aldraðra þar sem Þjónustumiðstöð Austur sinnir heimaþjónustu fyrir hverfið, en heimaþjónusta er helsta verkefni deildarstjóra í málefnum eldra fólks.

Skipuritið endurspeglar fjóra grunnflokka þjónustu, þ.e. þjónusta við fatlað fólk, við börn og fjölskyldur, við fullorðna einstaklinga, þ.e. á aldrinum 18-67 ára og við aldrað fólk, þ.e. eldri en 67 ára. Stöðþjónusta, þ.e. mannauður og fjármál, félagsauður og ákveðin sérfræðiþjónusta ganga svo þvert á hina fjóra grunnflokkan. Félagsauðurinn felur í sér starfsemi sem gengur þvert á alla grunnflokka, s.s. félagsstarf, lýðheilsustarf o.fl. Ákveðin sérfræðiþjónusta s.s. Keðjan, samstarfsnet vegna barna og fjölskyldna; Alþjóðateymi vegna fólks af erlendum uppruna; VoR-teymið, vettvangs- og ráðgjafarteymi vegna heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir; Virkniús, þar sem virkniúrræði velferðarsviðs eru sameinuð og Farsæld barna, innleiðingarteymi

vegna laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna annast þjónustu þvert á allar þjónustumiðstöðvar.

Skipuritið lýtur sömu lögmálum og nýtt skipurit velferðarsviðs þar sem íbúinn er miðpunkturinn og því efst í skipuritinu en stjórnendur neðst.

Framkvæmdastjóri er yfir hverri þjónustumiðstöð sem ber ábyrgð á framkvæmd þjónustunnar, rekstri og mannauð. Einn deildarstjóri er yfir hverjum hinna fjögurra grunnþátta þjónustunnar að undanskildum málaflokki eldra fólks en þar eru einungis þrjár deildarstjórar, sem endurspeglar uppsetningu heimaþjónustu í þrjú hverfi borgarinnar, Efri byggð, Miðbyggð og Vesturbyggð. Fjöldi ráðgjafa innan hvers grunnþjónustupáttar mun endurspeglast af stærð hverfis og fjölda þjónustunotenda.

Hverri þjónustumiðstöð hefur verið gefið vinnuheiti en í skoðun er hvort hugtakið þjónustumiðstöð sé nægilega lýsandi fyrir starfsemina eða hvort endurskoða þurfi heiti þeirra. Vinnuheitin eru sem stendur Þjónustumiðstöð Austur fyrir nýja þjónustumiðstöð hverfi Árbæjar, Grafarvogs, Grafarholts, Kjalarness og Úlfarsárþals; Þjónustumiðstöð Breiðholts í Breiðholti, Þjónustumiðstöð Háaleitis fyrir hverfi Bústaða, Laugardals og Háaleitis og Þjónustumiðstöð Vestur fyrir hverfi Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Á innleiðingatímabili breytinga, meðal annars vegna nýs skipurits, farsældarlaga, verkefninu Betri borg fyrir börn og stofnun rafrænnar þjónustumiðstöðvar, frá október á þessu ári og fram til loka desember 2022, verða skipaðir sérstakir breytingasendiherrar í stærstu málaflokkunum sem annast samræmingarhlutverk fyrir allar þjónustumiðstöðvarnar.

Helsta breytingin lýtur að barna- og fjölskyldumálum. Deild barna- og fjölskyldumála mun hafa samræmingarhlutverk í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þannig munu sérfræðingar í félagslegri þjónustu, þjónustu við fötluð börn og sálfræðiþjónustu vegna barna í leik- og grunnskólum tilheyra sömu deildinni. Barna- og fjölskyldudeildin mun jafnframt gegna leiðandi hlutverki þegar kemur að samvinnu við starfsmenn skóla- og frístundasviðs, sem og Barnavernd auk stofnana ríkisins, s.s. heilsugæslu og barna- og unglingageðdeild. Markmið með stofnun sérstakrar deildar í barna- og fjölskyldumálum er að styrkja stoðirnar í þjónustu við börn og unglínga og fjölskyldur þeirra.

Með því að setja á fót rafræna þjónustumiðstöð sem tekur við og afgreiðir umsóknir um þjónustu er vonast til að ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum í hverfum fái aukinn tíma til að sinna forvörnum og ráðgjöf og að þannig aukist gæði þjónustunnar og aðgengi að henni.


Fylgiskjal:

Skipurit velferðarsviðs

Skipurit þjónustumiðstöðva



Skipurit þjónustumiðstöðva





Skiptur velferðarsviðs

